



## **Aðalfundur foreldrafélags Myllubakkaskóla haldinn 13. September kl.18 á sal skólans**

Starfsemi foreldrafélagsins skólaárið 2016-2017

Fundir félagsins voru fimm talsins auk funds með bekkjartenglum. Ákveðið var að sleppa jólaföndrinu þar sem foreldrar og nemendur eru oft á tíðum upptekin á þeim árstíma. Í staðinn var haldið skemmtilegt og stórkostlegt Þorrablot og baðstofukvöld 21.

febrúar. Þar sem foreldrar og nemendur komu saman á sal skólans og lærðu ýmsa iðn á hinum mismunandi stöðvum eins konar smiðjur til að læra handavinnu í anda baðstofukvöldanna og gæða sér á þorramat. Auk þess komu víkingar í fullum skrudá og sýndu skylmingar. Mjög góð mæting var á þennan viðburð eða ríflega helmingur nemenda skólans og foreldrar mættu og tóku þátt.

Í febrúar var haldin spennandi fyrirlestur fyrir foreldra með Vöndu Sigurgeirsdóttur, Gríptu tækifærið, í Akademíunni þar sem umræðuefnið var einelti og hvernig ætti að koma í veg fyrir það.

Í mars styrkti foreldrafélagið nemendur í samræmdum prófum með því að gefa þeim snarl, samlokur og drykk. Auk þess að greiða fyrir blóm fyrir útskrift 10. bekkisins.

Á íþróttadegi Myllubakkaskóla 31. Maí bauð foreldrafélagið upp á skemmtileg atriði fyrir nemendur og kennara þar sem Sirkus Íslands kom og sýndi listir sínar. Foreldrafélagið bauð einnig upp á pylsur og gos.